

Fundur 18.11.2024 Naomi Fine Brun. Ísraelsk - Rússnesk - gyðingur.

Góða kvöldið, komið þið öll blessuð og sæl.

*Góða kvöldið.*

Finnst mér auðveldara að koma í gegn eftir samband það sem þið fenguð og hlýddum við á í sambandsstöð okkar.

Megi friður vera með ykkur og blessun Guðs og finnst mér það merkilegt að ná sambandi við ykkar hnött og eru það mörg átökin sem ég vil stilla til friðar í, en ekki er það mitt starfssvið, en ósk engu að síður.

Og eftir því sem á æfi mína hefur liðið á þessum hnetti, hef ég fengið meiri áhuga á pólitík og að stilla til friðar og hjálpa þeim sem eiga um sárt að binda.

Vona ég að mér takist að nefna nafn mitt, en vil ég dáðst að stjórnunum sem eru hér fyrir utan gluggann og má þær líta og eru það aðrar stjórnur en ég sá á frumlífs jörð minni, og þannig er það í framlífi og þekkjum við stjórnúmerkin.

Hef ég margsinnis hlustað á vísindamenn okkar og Albert Einstein hefur talað til okkar og sagt frá umskiptum sínum yfir í Nýalska vísindagreinar, og hefur það hjálpað honum með hans vísindi, og hef ég hlustað á það af athygli.

Hér hef ég haldið áfram með fræðigreini mína og á tíma þeim sem síðan er liðinn síðan ég kom á þessa framlífs jörð, og hefur mér gengið vel.

Og voru það mikil umskipti og ánægjulegt að komast yfir á þennan hnött, en kom þó að lokum að ég átti í deilum við vísindasamfélagið, og setti mér upp á móti því, vegna rangra skoðana og túlkana, sem meðal annars tengjast ykkar félagi og lífstefnunni, en hef þó tekist að sættast við flesta og hef fengið viðurkenningu vísindasamfélagsins aftur að mestu leiti.

En er það einnig spurning um að láta ekki rangan hópprýsting hafa áhrif á sig, en hér hef ég fengið tækifæri til að flokka og skrá plöntur og skilgreina þetta umhverfi upp á nýtt og hjálpa til við að þróa þær fræðigreinar sem ég þekkti á jörðinni.

Hef ég þó á seinni árum orðið gagnrýnin á stríðsstefnu yfirvalda hér í mínu landi og olli það þessum deilum og útskýfun úr vísindasamfélagi um tíma, en hefur hér þó komist friður á, því önnur stjórn málaöfl og friðsamari komust til valda og eru þau hlyntari svona sambandsfundum, meðal annars.

Er ég jurtafræðingur að mennt og fæddist ég í Rússlandi en fluttist til Ísraels og er af gyðingaættum, kona Naomi Fine Brun.

Hef ég reynt að sinna friðarmálum á þessum hnetti og stöðva þjóð mína í stríðsátökum, en hefur það ekki gengið að öllu leiti vel, en er hér margt af þeim hlutum að segja og hversu voldug þjóð mín er, og hvernig þjóðarbrotin hafa blandast hér saman og eru komin hingað frá mörgum hnöttum, frumlífs hnöttum og sameinast í þessari trú okkar og hvernig sífelld átök hafa verið milli múslima og kristinna og gyðinga og annara trúarbrotu.

Plöntufræðingur já, og hef ég verið á þessum hnetti í nokkra áratugi, finn ég mjög stillilögmálið kalla á mig og þjóðir mínar berjast á jörðinni, og vil ég stilla til friðar og koma með þennan friðarboðskap.

Þakka ég fyrir mig, og vona að ég geti sent ykkur góða strauma, er hér margvíslegt mannlíf, get ekki sagt frá því betur að sinni, þakka ég fyrir mig og óska ykkur góðs fa brun a.

Verið þið sæl.

*Vertu sæl.*